

Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2019 **Stefnuræða bæjarstjórnar**

Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árið 2019, ásamt fjögurra ára áætlun 2019-2022 er hér lagt fram til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 1,5 milljarður króna en heildarútgjöld 1,4 milljarður króna, fyrir fjármagnsliði sem áætlaðir eru 95 milljónir króna. Reksturinn skilar 104 milljónum króna í handbært fé frá rekstri á árinu 2019. Reksturinn skilar 123 millj.kr. samkvæmt niðurstöðu sjóðstreymis (handbært fé frá rekstri). Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs og stofnana er jákvæð um 1,5 millj.kr.

00 Skatttekjur

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur, þ.e. útsvar, tekjur vegna fasteigna og lóða, ásamt framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði rúmlega 1 milljarður króna. Þá er gert ráð fyrir að tekjur A-hluta muni nema á árinu 240 milljónum króna en tekjur samstæðunnar verði 480 milljónir króna. Heildartekjur sveitarfélagsins eru því áætlaðar um 1.5 milljarður króna.

Útsvar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 588 milljónir króna borið saman við 566 milljónir króna í áætlun ársins 2018 en útsvar nemur 38% af rekstrartekjum næsta árs. Útsvarsprósentan í Vesturbyggð verður áfram 14,52%, sem er leyfilegt hámarksútvvars. Flest sveitarfélög miða við hámarksútsvar en hluta útsvarsins ráðstafar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til þess að standa undir rekstri grunnskóla í landinu sem og til málefna fatlaðra. Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir 1.025 íbúum.

Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlunin byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 373 milljónir króna. Hlutfall framlaga sjóðsins af tekjum aðalsjóðs verða þá 24% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Fasteignagjöld

Álagningastuðull fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar frá árinu 2018 og verður álagningastuðullinn 0,45% af fasteignamati. Fasteignaskattur er áætlaður 63 milljónir króna en var í áætlun þessa árs 57 milljónir króna. Hækkun á fasteignaskatti milli ára skýrist m.a. af hækkun fasteignamats í Vesturbyggð sem hækkar nú milli ára um 11%. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði en viðmiðið hækkar um 8% milli ára.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrá Vesturbyggðar er 5% og tekur miða af niðurstöðum þjóðhagsspár Hagstofu Íslands fyrir árið 2019. Nokkrar undantekningar eru frá almennum verðlagshækkunum þar einstakir liðir hækka umfram 5% en aðrir lækka. Fjárhagsáætlunin gerir þannig ráð fyrir að skólamáltíðir í grunnskólum Vesturbyggðar lækki um 20% á milli ára. Þessi breyting mun létta undir með barnafjölskyldum í sveitarfélaginu og er lækkunin liður í því að á næstu árum muni Vesturbyggð styðja enn frekar við réttindi barna vegna heilsu og næringar.

Útgjaldaliðir

02 Félagsþjónusta

Útgjöld til félagsþjónustu að frádregnum tekjum eru áætluð 58 milljónir króna. Félagsþjónustan hefur verið sameiginleg með Tálknafjarðarhreppi og hefur það fyrirkomulag gengið ágætlega. Fjárhagsaðstoð eykst líttilega milli ára og gjald fyrir heimsendan mat hækkar um 5% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir.

Félagsstarf aldraðra heldur áfram á árinu 2019 á Patreksfirði, Barðaströnd og Bíldudal. Þá verður unnið að því á nýju ári að auka aðgengi aldraðra að hvers konar hreyfingu innan sveitarfélagsins og er það m.a. einn liður í því að Vesturbyggð verði heilsueflandi sveitarfélag.

Áfram verður boðið upp á foreldragreiðslur til foreldra barna á aldrinum 9-14 mánaða. Á árinu verður þó unnið að því að auka þjónustu við foreldra í sveitarfélaginu með átaksverkefni í því að fá dagforeldra til starfa en mikil auking barna hefur orðið í sveitarfélaginu og því mikil þörf fyrir þjónustu dagforeldra.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál hafa aukist milli ára, en útgjöld eru áætluð 523 milljónir króna á næsta ári miðað við 491 milljónir í ár. Útgjöld til þessa málaflokks hafa aukist verulega á síðustu árum vegna jákvæðrar íbúafróunar og fjölgunar barna í sveitarfélaginu. Í fjárhagsáætlun 2019 er lögð rík áhersla á að efla fræðslumál í sveitarfélaginu enda skólarnir grunnur að góðu og öflugum samfélagi. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár grunnskólana hefur gengið vel. Áfram verður boðið upp á talþjálfun og sálfræðiþjónustu í skólum Vesturbyggðar á árinu 2019.

Á árinu 2018 fór ekkert skólastarf fram í Birkimel en grunnskóla- og leikskólabörnum af Barðaströnd er ekið á Patreksfjörð og hefur það gefist vel. Húsnæðið í Birkimel hefur m.a. verið nýtt fyrir félagsstarf aldraðra á Barðaströnd.

Lengd viðvera verður áfram í boði á Patreksfirði og Bíldudal. Gjald fyrir lengda viðveru hækkar um 5% á milli ára og verður hámark á gjaldi á mánuði fyrir hvert barn fyrir fulla vistun með hressingu 22.000 kr.

Skólastarf á Bíldudal fer nú fram á nokkrum stöðum í þorpinu og á árinu 2019 verður unnið að því að greina hverskonar húsnæði er hentugt fyrir starfsemina og hvar slíkt húsnæði ætti að vera staðsett í þorpinu.

Grunnskólar í Vesturbyggð

Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 306 milljónir króna í stað 291 milljón króna á þessu ári. Gert er ráð fyrir kaupum á tölum, húsgögnum og öðrum búnaði í grunnskólana. Þá verður á næsta ári lokið við tiltekin viðhaldsverkefni á húsnæðum skólanna. Áhersla verður lögð á það á árinu 2019 að ljúka við sparkvöll við Patreksskóla sem og lagfæra skólalóð við Patreksskóla. Til framkvæmdanna eru áætlaðar 5 milljónir króna.

Leikskólar Vesturbyggðar

Framlög til leiksskóla verða 144 milljónir króna en voru áætluð 136 milljónir króna í fjárhagsáætlun 2018. Mikil auking hefur verið í fjölda barna á leikskólanum Arakletti og eru þar nú 50 börn. Þónokkrar endurbætur hafa orðið á húsnæði Arakletts og Tjarnarbrekku á síðustu árum. Á árinu 2019 þarf að ráðast í tilteknar breytingar á Arakletti, þar sem fá börn munu hefja grunnskólagöngu haustið 2019 og stór hópur mun þurfa að fá inngöngu í skólann á sama tíma. Áfram verður við það miðað að börn komist inn á leikskóla

í Vesturbyggð við 14 mánaða aldur en ljóst er að skoða þarf heildstætt aðstöðu fyrir leikskólabörn á Patreksfirði fyrir haustið 2019. Í fjárhagsáætlun er því gert ráð fyrir 5 milljónum króna vegna viðbótarhúsnæðis. Leikskólagjöld hækka um 5% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkunir hjá sveitarfélaginu. Afslættir verða að mestu óbreyttir en í stað 100% systkinaafslátt vegna þriðja barns, lækkar afslátturinn í 75%.

Tónlistaskóli Vesturbyggðar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 26 milljónir króna á árinu 2019 og hækkar framlagið milli ára, en í áætlun 2018 var gert ráð fyrir 24 milljónum króna. Gjöld vegna tónlistarnáms hækkar um 15% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Kennsla tónlistarskólans fer fram bæði á Patreksfirði og á Bíldudal.

Íþróttaskólinn

Á árinu 2019 verður áfram rekinn íþróttaskóli í samstarfi við Tálknafjarðarhrepp og HHF. Framlög Vesturbyggðar til skólans nema á árinu 2019 samtals 3,8 milljónum króna.

05 Menningarmál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 54 milljónir króna á árinu 2019. Framlög til bókasafna á Patreksfirði og Bíldudal verða 12 milljónir króna. Starfsemi bókasafnsins á Patreksfirði hefur aukist mikið og er aðstaða þar fyrir íbúa til mikillar fyrirmyndar.

Skjaldborgarbió er mikilvægur þáttur í menningarlífi sveitarfélagsins og er ástæða til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíósins. Endurbætur á salernum í húsnæðinu ganga vel og verður á árinu 2019 lokið við þær endurbætur.

Á árinu 2019 verða 10 milljónum króna varið til framkvæmda í Vatneyrabúð. Áhersla verður lögð á það að sinna viðhaldi á húsinu utandyra en óskað hefur verið eftir stuðningi Húsafriðunarsjóðs til þess hluta framkvæmdanna. Þá verður lögð áhersla á að ljúka við endurbætur innandyra í kjallara og á miðhæð hússins á árinu 2019 þannig að unnt verði að koma starfsemi á stað í húsinu.

Framlag Vesturbyggðar til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti hækkar milli ára vegna nauðsynlegs viðhalds sem ráðast þarf í á safnahúsi, en framlag ársins 2019 verður 11 milljónir króna í stað 9 milljón króna á árinu 2018.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld málaflokksins fyrir árið 2019 munu nema 139 milljónum króna. Undir málaflokkinn fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlaugar, félagsmiðstöðva, vinnuskóla og stuðningur við íþróttafélög í Vesturbyggð.

Almenn hækkun á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 5% en gjald fyrir stakan tíma í Bröttuhlíð á Patreksfirði helst óbreytt milli ára og verður áfram 1.000 krónur. Íbúar eru hvattir til að nýta sé þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Félagsmiðstöðin Vest-End flutti úr húsnæði grunnskólans á árinu 2018 og er nú með starfsemi sína í Aðalstræti 73. Ekki hefur verið lokið við að bæta aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Dímon á Bíldudal en stefnt verður að því á árinu 2019.

Á árinu 2018 tók til starfa íþróttá- og æskulýðsfulltrúi sem starfar bæði fyrir sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp sem og fyrir HHF. Gert er ráð fyrir að það samstarf haldi áfram á árinu 2019.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á vinnuskólanum frá árinu 2018, en fyrirkomulag verkefnisins er ávallt í skoðun svo það nái tilætluðum árangri.

07 Brunamál og almannavarnir

Síðustu ár hefur orðið mikil endurnýjun á tækjabúnaði hjá slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Stærsta einstaka verkefnið á árinu 2018 var endurnýjun á slökkvibíl en gert er ráð fyrir að hann muni koma til Patreksfjarðar í byrjun ársins 2019. Þá verður á nýju ári lokið við brunavarnaráætlun fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp en stefnt er að því að drög hennar verði kynnt íbúum í janúar næst komandi. Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna munu nema 26 milljónum króna á árinu 2019.

Áfram verður unnið að því að koma framkvæmdum vegna ofanflóðavarna í farveg í samstarfi við Ofanflóðasjóð og þær fjarveitingar sem til ráðstöfunar eru á árinu 2019.

Á árinu 2019 verður lögð áhersla á að koma brunavarnarkerfum upp í helstu byggingar sveitarfélagsins svo sem félagsheimili og skólabyggingar og er það liður í því að bæta öryggismál í sveitarfélaginu.

08 Hreinlætismál

Heildarútgjöld vegna hreinlætismála verða 48 milljónir króna en tekjur eru áætlaðar 46 milljón króna á árinu 2019. Undir málaflokkin fellur m.a. sorphreinsun og rekstur gámostöðva auk kostnaðar sem fellur til við sorpeyðingu og urðun á sorpi. Magn sorps í Vesturbyggð hefur aukist mikið á undanförunum árum og hefur sorp til urðunar nær tvöfaldast á síðustu þremur árum. Þessi auking á sorpi endurspeglar m.a. af auknum umsvifum í sveitarfélaginu. Aukin áhersla er á endurvinnslu og hafa stofnanir og íbúar staðið sig vel í að auka flokkun. Margar stofnanir sveitarfélagsins eru hluti af Grænum skrefum og hafa nokkrar stofnanir þegar fengið fyrsta skrefið viðurkennt. Á árinu 2018 var farið í tilraunaverkefni með áhugasömum íbúum um moltugerð og hefur það verkefni gengið vel. Á árinu 2019 verður áfram afhent til greiðenda sorpgjalds klippikort fyrir endurvinnslu á 4 rúmmetrum líkt og gert hefur verið á síðustu árum.

Á árinu 2018 var samningi við Gámaþjónustu Vestfjarða sagt upp og hafa staðið yfir viðræður milli sveitarfélagsins og Gámaþjónustunnar um efni samningsins, uppsögn hans og samnings um blátunnuefni, en stefnt er að því að boðin verði út öll sorpþjónusta í sveitarfélaginu fyrir árið 2020.

Undir hreinlætismál fellur einnig dýraeftirlit en á árinu 2019 verður aukið eftirlit með skráningu hunda og katta í sveitarfélaginu. Ný samþykkt um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Vesturbyggð öðlaðist gildi á árinu 2018. Með gildistöku samþykktarinnar eru allir kettir í þéttbýli í sveitarfélaginu skráningarskyldir. Í gjaldskrá er mælt fyrir um leyfisgjald og árgjald til eigenda katta en gjaldskráin tekur mið af sambærilegri gjaldtöku í öðrum sveitarfélögum.

09 Skipulags- og byggingamál

Vinna við endurskoðun aðalskipulags í Vesturbyggð hefur staðið yfir á árinu 2018. Settir voru saman stýrihópar vegna endurskoðunarinnar sem skipaðir eru íbúum í sveitarfélaginu sem áhuga hafa á að koma að endurskoðuninni. Vinnu við nýtt aðalskipulag miðar vel og gert er ráð fyrir að endurskoðuninni ljúki á næsta ári. Heildarkostnaður í skipulagsmálum er áætlaður 7 milljónir króna á árinu 2019.

Áfram er gert ráð fyrir að þjónusta skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins verði keypt í verktöku en á árinu 2018 varð byggingafulltrúi starfsmaður sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að starf byggingafulltrúa verði 50% stöðugildi m.a. vegna þeirra lögbundnu skyldna sem hvíla á byggingafulltrúa sveitarfélaga að honum beri að sinna sem og þeirri miklu uppbyggingu og framkvæmdum sem þegar eru hafnar og fyrirhugað er að hefjist á árinu 2019 í sveitarfélaginu. Heildarkostnaður við stöðugildið er um 9 milljónir króna en heildartekjur vegna starfs byggingafulltrúa eru áætlaðar 12 milljónir króna á árinu 2019.

Á árinu 2019 verður unnið að undirbúningi framkvæmda við niðurrif Kaldbakshúss (Straumnes) en húsið er illa farið vegna skorts á viðhaldi í gegnum árin. Á árinu verður því unnið að því að finna not fyrir það efni sem fellur til við niðurrif þess. Þá verður á árinu unnið að því að finna lóð hússins nýtt hlutverk.

Þá er gert er ráð fyrir að á árinu 2019 verði auglýst starf sviðsstjóra tæknideildar, sem muni halda utan um framkvæmdir sveitarfélagsins svo sem viðhald fasteigna, gatnakerfi, holræsakerfi, sorpmál, vatnsveitu, fráveitu og áhaldahús.

10 Umferðar- og samgöngumál

Heildarkostnaður við málaflökkinn er áætlaður 63 milljónir króna á árinu 2019. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að lokið verði við endurnýjun á gangstéttum á Aðalstræti á Patreksfirði. Ekki var unnt að ljúka við klæðningu á Krossholti á árinu en fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir útgjöldum vegna viðhalds. Þá er áhersla lögð á að ljúka við framkvæmdir við gangstéttar og kantsteina á árinu.

Á árinu 2018 vann VSÓ Ráðgjafar skýrslu um umferðaröryggi á Bíldudal – aðgerðir til hraðalækkunar. Tillögur skv. skýrslunni voru kynntar á vef sveitarfélagsins og gafst íbúum tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum. Unnið er nú úr innsendum athugasemdum. Átak verður gert í málun gangbrauta í sveitarfélaginu á árinu ásamt því að áfram verður unnið að því að bæta götumerkingar. Þá verður einnig gert átak á árinu í að bæta lýsingu við skólabyggingar í sveitarfélaginu.

11 Umhverfismál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna umhverfismála verði 28 milljónir króna á næsta ári. Mikil áhersla hefur verið lögð á umhverfismál og fegrun umhverfis sveitarfélagsins á síðustu árum. Verktaki hefur séð um hirðingu og slátt opinna svæða. Þann 15. september sl. í tilefni alheimshreinsunardeginn, veitti sveitarfélagið viðurkenningu til heiðurspökkara Vesturbyggðar sem hefur á árinu 2018 unnið mikið og gott hreinsunarstarf á svæðinu. Íbúar eru áfram hvattir til að huga vel að umhverfi sínu, gördum og húsum. Þá verður á árinu 2019 farið í hreinsunaráttak í sveitarfélaginu með áherslu á að fegra nærumhverfi okkar og þegar er hafinn undirbúningur við útfærslu átaksins.

Á árinu 2019 verður endurskoðað fyrirkomulag vegna grenjavinnslu og minkaeyðingar í sveitarfélaginu en heildarkostnaður við þann málaflökk er áætlaður 2,3 milljónir króna.

13 Atvinnumál

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að áfram verði greidd framlög til Markaðsstofu Vestfjarða í gegnum framlag sveitarfélagsins til Vestfjarðastofu. Á árinu 2018 voru ráðnir til Vestfjarðastofu tveir starfsmenn með aðsetur á Patreksfirði og er það ákaflega mikilvægur þáttur í aukinni og góðri samvinnu milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða. Á árinu 2019 verður lokið við skýrslu um innviðaupbyggingu sem unnin hefur verið af Eflu verkfræðistofu. Niðurstöður skýrslunnar verða m.a. nýttar á árinu 2019 við undirbúning við endurskoðun atvinnumálastefnu sveitarfélagsins sem rann út árið 2011.

17 Félagsheimili

Vesturbyggð rekur þrjú félagsheimili. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldsverkefnum í félagsheimilunum. Félagsheimilin gegna mikilvægu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins og því mikilvægt að stutt sé við rekstur þeirra og viðhald. Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir er hækkun gjaldskrár til samræmis við aðrar verðlagshækkningar sem eru um 5%.

20 Framlög til eigin fyrirtækja

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 10 milljón króna framlagi til Fasteigna Vesturbyggðar á árinu en mikil uppsöfnuð viðhaldsþörf hefur verið síðustu ár á fasteignum í eigu félagsins. Þónokkrum viðhaldsverkefnum lauk á árinu 2018 en stór verkefni bíða ársins 2019.

21 Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður hækkar samkvæmt fjárhagsáætlun og verður 150 milljónir króna í stað 145 milljónir króna samkvæmt fjárhagsáætlun 2018. Á árinu 2018 var lokið við framkvæmdir við Aðalstræti 75 og voru allir starfsmenn bæjarskrifstofunnar fluttir í nýtt húsnæði í september 2018. Þá liggja fyrir á árinu 2019 stór verkefni vegna skjalavinnslu hjá sveitarfélaginu, innleiðing persónuverndarlöggjafar og jafnlaunavottun.

Þá var á árinu 2018 tekin í notkun ný heimasíða Vesturbyggðar þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar sem varða sveitarfélagið. Nauðsynlegt er að halda áfram að bæta heimasíðuna til hagræðingar fyrir íbúa sveitarfélagsins en til stendur m.a. á nýju ári að þýða efni síðunnar yfir á fleiri tungumál svo sem pólsku og ensku.

31 Eignasjóður

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að afkoma eignasjóðs verði jákvæð um 22 milljónir króna. Áfram verður unnið að viðhaldi á eignum sveitarfélagsins en einnig er gert ráð fyrir sölu á Aðalstræti 63 sem áður hýsti bæjarskrifstofur sveitarfélagsins.

33 Þjónustumiðstöð

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir jákvæðri afkomu þjónustumiðstöðva, þ.e. áhaldahússins á Patreksfirði og Bíldudal. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stöðugildi við áhaldahús á Bíldudal verði aukið um 50% vegna aukinna umsvifa og framkvæmda.

41 Hafnarsjóður

Heildartekjur hafnarsjóðs hækka umtalsvert á milli ára og eru áætlaðar 155 milljón króna en gjöld eru áætluð 121 milljón króna. Rekstur hafnarsjóðs er því áætlaður jákvæður upp á 33 milljónir króna á árinu 2019. Betri afkomu hafnarsjóðs má rekja til aukinna umsvifa í fiskeldi í Vesturbyggð, aukningu á komu skemmtiferðaskipa til Patreksfjarðar og strandsiglinga Samskipa til Bíldudalshafnar. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2017 sem birt var í október sl. en þar kom m.a. fram að aflagjöld sem runnið hafa í hafnarsjóð 2008-2017 fyrir hafnir Vesturbyggðar hafa aukist um 32,3% sem er ein mesta auking í aflagjöldum af höfnum landsins.

Á árinu 2019 verður ráðist í miklar framkvæmdir við Bíldudalshöfn. Annars vegar verður ráðist í tengingu stórskipakants og hafskiptakants og hins vegar verður endurbyggð hafskipabryggja. Hafnarbótasjóður veitir 96,4 milljónir króna fjárveitingu til verksins en heildarkostnaður við framkvæmdina á árinu 2019 nemur 167,6 milljónum króna. Fjárhagsáætlun gerir því ráð fyrir 71,2 milljónum króna til framkvæmdarinnar en áætlað er að framkvæmdir við bryggjuna hefjist haustið 2019.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að almenn verðlagshækkun á gjaldskrá hafnarsjóðs verði 5%. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að einstakir liðir gjaldskrárinnar hækki umfram almenna verðlagshækkun. Það eru hafnsögugjöld og festagjöld, en þau eru hækkuð til samræmis við gjaldskrár hafnarsjóða annarra sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að afsláttur sé veittur af vörugjöldum, þegar vöru sem skipað er út frá Bíldudalshöfn og hefur viðkomu á annarri höfn innanlands skuli bera hálfvörugjald í þeim flokki varan flokkast í.

Vegna aukinna umsvifa við Bíldudalshöfn gerir fjárhagsáætlunin ráð fyrir að stöðugildi við höfnina verði aukið um 50% en áfram verði samstarf milli hafnarsjóðs og þjónustumiðstöðvar um nýtingu starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir að starf hafnarstjóra verði 50% og verði ekki lengur hluti af starfi bæjarstjóra eins og verið hefur síðust ár. Breytingar þessar eru til samræmis við þau miklu umsvif sem orðið hafa við hafnir sveitarfélagsins.

Áfram verður unnið að því að bæta umhverfi og umgengni á hafnarsvæðum m.a. vegna Bláfánaverkefnisins sem Bíldudalshöfn og Patreksfjarðarhöfn vinna eftir. Eins og áður sagði verður farið í hreinsunaráttak í sveitarfélaginu á árinu 2019 og mun slík hreinsun einnig fara fram á hafnarsvæðum sveitarfélagsins í samvinnu við rekstraraðila.

43 Vatnsveita

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur vatnsveitna verði 44 milljónir króna og útgjöld 38 milljónir króna. Mikið viðhald hefur verið við vatnsveitur Vesturbyggðar en með auknum umsvifum í samfélaginu er kallað eftir betri aðveituæðum og auknum vatnsþrýstingi til fyrirtækja. Á árinu 2019 verður farið í byggingu nýs lokahúss við Bíldudalsveitu en áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 10,5 milljónir króna.

49 Fráveita

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 28 milljónir króna en heildargjöld vegna fráveitu eru áætluð 27 milljónir króna. Aukin útgjöld hafa orðið vegna endurnýjunar frárennslislagna m.a. vegna aukinna umsvifa á Bíldudal.

Fjárfestingar ársins.

Hér að framan hafa verið raktar nokkrar þeirra fjárfestinga sem farið verður í á árinu 2019 og er þar einna stærst framkvæmd við Bíldudalshöfn. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 149 milljónir króna á árinu 2019. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 174 milljónir króna og nýjar lántökur 170 milljónir króna.

Skuldahlutfall

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að skuldahlutfall sveitarfélagsins verði í árslok 2019, miðað við 149 milljón króna í fjárfestingar, 118,7%.

Helstu breytingar milli fyrri og seinni umræðu í bæjarstjórn

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun 2019 fór fram í ráðhúsi Vesturbyggðar á Patreksfirði þann 28. nóvember 2018. Á milli umræðana voru gerðar tilteknar lagfæringar á frumvarpinu sem og bætt var inn sérgreindum verkefnum sem ekki tókst að ljúka við að framkvæma á árinu 2018 en nauðsynlegt er að ljúka við á árinu 2019. Þá voru gerðar tilteknar breytingar á gjaldskrár sveitarfélagsins milli umræðna, þar sem m.a. fasteignaskattur í A flokki var lækkaður úr 0,47% í 0,45%. Við breytingarnar lækka heildartekjur um 1,5 millj.kr. og heildarútgjöld lækka um 1 millj.kr.

Lokaorð og þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 kærlega fyrir þeirra vinnuframlag. Þá þakka ég bæjarráði, fagnefndum sveitarfélagsins og bæjarstjórn fyrir gott samstarf við áætlanagerðina.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Vesturbyggð fyrir árið 2019 er hér með lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn.

12. desember 2018
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri